

Allir nemendur eiga sínar sterku hliðar

Viðtal við Sif Vígþórsdóttur, skólastjóra í Norðlingaskóla
Sigríður Jónsdóttir ADHD coach

Við-tal við Sif Vígþórs-dóttur, skóla-stjóra í Norð-linga-skóla.

ADHD sam-tökin hafa heyrt að Norð-linga-skóla takist sér-stak-lega vel upp með ADHD ein-stak-linga.

Get verið með of-virkan nem-anda sem er snill-ingur á ein-hverju sviði sem aðrir eru kannski ekki góðir í.

GOSI stendur fyrir Geisl-andi Of-virkur Snill-ingur.

Skólinn á ekki að vera færi-banda-vinna heldur ein-stak-linga-miðaður.

Þegar ég byrjaði að kenna var ég upp-tekin af hug-mynda-fræðinni um opinn skóla.

Ástríða Sifjar Vígþórsdóttur, skólastjóra í Norðlingaskóla, er starf hennar. Því tók ég strax eftir í samtali mínu við hana. Hún er formaður Samtaka áhugafólks um skólaþróun en markmið félagsins er að fylgjast með og efla skólaþróun og skoða hvað virkar og hvað virkar ekki. Sif vill útskrifa börnin „sín“ lífsglöð og með sterka sjálfsmýnd og vegur það þyngra en einkunnir að hennar mati.

Sif sýndi mér skólann og vakti umhyggja hennar fyrir krökkunum athygli mína; hún tekur utan um þau og sýnir þeim að þau skipta máli. Börnin koma til hennar og tala við hana í trúnaði, allir eru vinir hennar og hún vinur allra. Hún byrjar skóladaginn á því að ganga um skólann og heilsa upp á nemendur og starfsfólk til að fá tilfinningu fyrir því sem er að gerast hjá þeim og finnst það vera mikilvægur þáttur í sínu starfi sem stjórnandi skólans. Hún vill vera sýnileg öllum í skólastarfinu. Áhugann á kennslu á hún ekki langt að sækja; foreldrar hennar eru kennarar svo og systkini hennar og eru þau gift kennurum. Að hennar sögn þykir fólki nóg um í fjölskylduveislum þegar það eina sem talað er um er kennsla. ADHD samtökin hafa haft fregnir af því að Norðlingaskóla takist sérstaklega vel upp með ADHD einstaklinga.

Hvað gerir að verkum að ykkur gengur vel með börn með ADHD?

„Mér finnst mikilvægt að horft sé á öll börn út frá þeirra sterku hliðum hver svo sem sérstaða þeirra er. Það á ekki hvað síst við um ofvirk börn; ég get verið með ofvirkan nemanda sem er snillingur á einhverju sviði sem aðrir eru kannski ekki góðir í. Stundum finnst mér fólki hætta til að flækja sig í skilgreiningunum og finnst reyndar að skammstafanir eins og ADHD geti stundum orðið til þess að litið sé á nemendur öðrum augum en ætti að



Sif ásamt nemanda sínum.

gera. Meginsjónarmiðið er að allir nemendur eiga sínar sterku hliðar og skólinn á að koma til móts við nemendur þannig að þeir geti haft gagn af skólagöngu sinni. Reyndar finnst mér að það sé miklu betra, ef menn vilja nota skammstafanir á börn, að nota skammstöfunina GOSI í staðinn fyrir ADHD. GOSI stendur fyrir Geislandi Ofvirkur Snillingur.“

„Skólinn á ekki að vera færibandavinna heldur einstaklingsmiðaður“

Sif er alin upp við trú á einstaklinginn. „Maður á að leyfa sér að mynda tengsl og leyfa sér að þykja vænt um einstaklinginn. Þegar ég byrjaði að kenna 1985 var ég upptekin af hugmyndafræðinni um opinn skóla. Þaðan kemur sú hugmyndafræði sem ég bý að í dag um einstaklingsmiðaðan skóla. Í hverju ertu góður? Ég hef alltaf haft áhuga á að reyna að draga það fram hjá nemendum. Hvernig hægt er að fá krakka til gera hluti með þessari



Frá skólastarfi í Norðlingaskóla. Hér eru börnin í hljóðfærasmíðju.

aðferðafræði. Allir fara á sínum hraða. Mér finnst að við eigum að spyrja nemendur okkar að því í hverju þeir séu góðir og leggja svo mikla áherslu á að vinna með áhugasviðið þeirra því það tengist, jú, yfirleitt því sem þeir eru góðir í. Svo finnst mér mikilvægt að hver nemandi geti farið á sínum hraða og vil að við kennarar förum að leggja meiri áherslu á innihald þess sem þau eru að gera frekar en skoða fyrst og fremst hvað þau hafa gert mikið. Því miður er ríkt í okkur að hafa einn kennara með 20-25 nemendur þar sem allir eru í sömu stofu, allir að læra það sama með sömu aðferð á sama hraða á sama tíma. Þessi aðferð er úrelt og vil ég kalla hana á slæmri íslensku "lönbyltingar-sérhæfingarfæríbandahugsunarhátt".

Auðvitað eru ekki allir nemendur eins. Þess vegna verðum við að hafa fjölbreytileika. Við þurfum að ná að vopna einstaklinginn með þeirri færni sem hann hefur að bjóða.

Barn með ofvirkni sem þarf að sitja í fjórtíu mínútur við sama borð, verður að sitja kyrr, ekki hreyfa sig eða tala við hina krakkana. Með þessu býrð þú til aðstæður sem ýta undir ADHD einkennin, einstaklingurinn ræður ekki við þessar aðstæður. Ef nemandi getur ekki unnið í fjórtíu mínútur en vinnur betur í fimmtán mínútur þá vinnum við þannig. Ef við hlustum ekki eftir því sem virkar fyrir hann erum við farin að ýta undir sprengjuhættu hjá honum og hann verður bæði sjálfum sér og öðrum erfiður.

Ekki er til nein fyrirfram ákveðin, rétt leið um hvernig nemandi vinnur verkefni sín. Dínur eru í boði fyrir nemendur og ef þeim finnst betra að vinna verkefni á gólfi þá er ekkert því til fyrirstöðu. Sérstakar sessur með kúlum inni í eru til fyrir nemendur til að rugga sér á, þær henta vel fyrir þá sem eru á iði. Það hjálpar til við einbeitinguna hjá þeim að fá að vera á hreyfingu. En auðvitað þurfa þau líka undir sérstökum aðstæðum að vinna með hópnum.

Ég er talsmaður einstaklingsmiðunar. Mér finnst samræmd próf vera tímaskekkja. Allir eiga að fá sama próf, staddir á sama stað. Það er ekki raunhæft. Þetta er tímasóun og óþarfi. Sumir búa ekki yfir þeirri færni að sitja svona lengi í prófum."

Hvað finnst þér skipta mestu máli í góðu skólastarfi?

„Tvímælalaust umhverfi sem kallar fram vellíðan. Ef þú vilt liggja þá liggur þú. Þú hefur átt að sjá hvernig ástatt var í morgun. Nemendur lágu á gólfinu og létu fara vel um sig.

Auðvitað byggja allir skólar á lífssýn. Við byggjum á þeirri grundvallarlífssýn að börnin okkar eiga þann rétt að skólinn þeirra taki mið af þeim, við eigum að hlusta á þeirra þarfir. Við leyfum okkur að hafa hómor, gleði og hafa gaman. Ég tala stundum um að skólinn okkar sé hómorískur skóli. Skólar mega ekki vera uppteknir af aðbúnaði. Hvers konar veraldlegum hlutum er skólinn búinn? Ég spyr á

Því miður er ríkt í okkur að hafa einn kennara með 20-25 nemendur, allir í sömu stofu, allir læra það sama.

Auðvitað eru ekki allir nemendur eins.

Ef nem-andi getur ekki unnið í fjör-tíu mínútur en vinnur betur í fimm-tán mínútur þá vinnum við þannig.

Ekki er til nein fyrir-fram ákveðin, rétt leið um hvernig nem-andi vinnur verk-efni sín.

Sam-ræmd próf eru tíma-skekkja.

Mestu skiptir um-hverfi sem kallar fram vel-líðan.

Þú hefur átt að sjá hvernig ástatt var í morgun. Nemendur lágu á gólfinu og létu fara vel um sig.

Við leyfum okkur að hafa hómor, gleði og hafa gaman.

Barn sem er skammað og elst upp við visst sam-skipta-munstur getur náð árangri í að vera ekki þægt.

Lausnir nem-enda geta verið betri en kennara.

Í náttúru-, landa- og sam-félags-fræði er of mikil áhersla á lestur.

Börn eiga að fara út til að upp-götva.

Krakkar eiga rétt á að skólinn passi fyrir þau ekki að skólinn reyni að fella þau í form.

For-eldrar eru sér-fræðingar í börnunum sínum.

Hægt að virkja nem-endum í dönsku með því að þeir fengu að nota veggja-krots-stafi í náminu.

Skóla-kerfið ætti að upp-fræða og virkja nem-endum til sjálfs-upp-götvunar og sjálfs-þekkingar.

móti; hvaða viðhorfaaðbúnaði eruð þið búin í ykkar skóla? Leyfum við okkur að hafa trú á nemendum? Dæmi er að krotað var á kastalann hér hjá okkur síðastliðið haust. Ég var miður mín. Umgengni hér er mjög góð og þau passa það. Það hafði verið skrifað fangamark. Ég ákvað að tala við þau og sagði þeim að mér þætti þetta leiðinlegt en væri jafnframt mjög glöð með að ég væri algerlega viss um að enginn af krökkunum mínum hefði gert þetta. Daginn eftir var búið að þrifa þetta. Trúa alltaf á það góða og þú kemst miklu lengra fyrir vikið. Horfa framhjá neikvæðri hegðun og heldur ýta undir jákvæða.

Barn sem er alltaf skammað og hefur alist upp við visst samskiptamunstur getur náð frábærum árangri í að vera ekki þægt. Við þurfum að koma viðkomandi út úr því munstri svo að hægt sé að vinna með hann, en gera það á jákvæðan hátt. Við tölum við barnið. Við verðum að leysa málið, ég er með ákveðnar hugmyndir, ert þú með einhverjar hugmyndir?

Þeirra lausnir geta oft verið mun betri en okkar. Nemendur eiga ekki að þurfa að fara út frá skóla-stjóra beygð og niðurlægð. Þau verða hnakkreist þegar þau eru hluti af lausninni.

Barn sem les ekki fyrir próf er ekkert endilega stutt á flæðiskeri. Maður þarf að horfa á útkomuna. Gengur honum vel í náminu þrátt fyrir það? Það er líklegt að hann nái að meðtaka efnið í kennslutímum með því að hlusta á kennarann.

Í náttúrufræði, landafræði og samfélagsfræði er of mikil áhersla lögð á að lesa, lesa og lesa. Börn eiga að fá að fara út til að uppgötva.

Í byrjun skólaársins er skólaboðunardagur; tveggja manna pör. Skiptum með okkur heimilunum og förum í heimsókn. Fyrsti skóladagur er svona. Alltaf. Brýtur ísinn í samskiptum skóla og heimila. Yfirgengilega skemmtilegur dagur. Við komum til þeirra. Það mýkir andrúmsloftið."

Börnin eru sameign okkar

Er það sanngjarnt að leggja það á foreldra að velgengni barns þeirra með ADHD fari eftir því hvaða áherslur skólinn hefur í sínu starfi og með hvaða hætti kennari nálgist barnið í skólastarfinu? Er sanngjarnt að setja fólki þessa úrslitakosti?

„Það eru líkur á að eitthvað fari úrskaiðis hjá kennara með 25 krakka í bekk. Krakkarnir eiga rétt á því að skólinn passi fyrir þá ekki að skólinn sé að reyna að fella þá ofan í form. Við þurfum að leggja áherslu á samvinnu við foreldra. Foreldrar eru sérfræðingar í börnunum sínum og við þurfum að vinna með þau í sameiningu. Það vitlausasta sem ég gæti gert er að hlusta ekki á foreldrana. Við eigum börnin saman og við þurfum sameiginlega að finna leið sem virkar.“

Í sérkennslunni hjá ykkur eru öðruvísi áherslur - af hverju?

„Ég er á móti sérkennslu sem felur í sér að nemendur eigi að vera sér. Þau eiga að vera inni í sínum



Nemendur í Norðlingaskóla fá að reyna ýmislegt. Þessir drengir eru að vinna verkefni í „rafheimum“.

hópi og eiga rétt á að fá kennslu við hæfi. Í Norðlingaskóla er starfandi sérkennari en hún er ráðgjafi sem kennarar skólans geta leitað til. Það er mikil vinna við að sniða skólann eftir hverju barni. Ég er með breitt svið af þekkingu í starfsmannahópnum mínum. Tveir kennarar vinna í teymi með fjórtíu nemendum. Þannig hjálpast þeir að og auka sveigjanleika í kennslunni.“

Þið leggið mikla áherslu á áhugasvið hvers og eins nemanda. Hvers vegna?

„Ef nemandi hefur átt erfitt í skóla en hefur áhuga á tónlist þá setjum við upp tónlistarþrógramm. Hægt er að draga fram áhuga hjá krökkum sem leiðist í fögum. Það var til dæmis hægt að draga fram virkni hjá nemendum í dönskukennslu með því að þeir fengu að nota graffitistafi (veggjakrots-skrifstafi) í dönskunáminu. Það gerði viðfangs-efnið áhugavert fyrir þá.

Ef nemandi er stórsnillingur í einhverju þá getur hann notað það til að sýna okkur það sem í honum býr. Ég hef áhuga á því sem ég er góð í og er góð í því sem ég hef áhuga á. Áhugi er þungamiðja í skólanum. Áhugi þeirra þarf ekki að vera tengdur hefðbundnum námsgreinum. Þeir hafa frjálst val. Síðan er gerð áætlun um hvað nemandinn ætlar að gera og hvað kennarinn þarf að gera. Nemandi og kennari takast í hendur því þetta er formlegur samningur þeirra á milli. Viku síðar skoða þau



Mikil áhersla er lögð á náttúruna og umhverfisvernd. Hér eru börnin í Björnslundi.

hvernig þeim gekk að ná markmiði sínu. Ef nemandi hefur ekki náð markmiði sínu skoðar hann hvað stóð í veginum fyrir því.

Ástundun áhugasviðs hefur ekki áhrif á aðra útkomu í skólastarfinu. Það hefur sýnt sig að þótt við tökum meiri tíma í verklegt nám þá eru þau fljótari að klára námsefni í bóklegu. Námið verður miklu léttara."

Niðurlag frá greinarhöfundi

Ég hef verið að velta fyrir mér spurningunni um hvert hlutverk skólans ætti að vera. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að hlutverk skólakerfis sé að uppræða og virkja nemendur til sjálfsuppgötvunar og sjálfþekkingar á því hvernig hann getur náð því

besta fram hjá sjálfum sér. Við notum mismunandi eldsneyti, hvaða eldsneyti hentar þér til að verða geislandi ofvirkur snillingur?

Við megum ekki vera föst í gömlum hugmyndum. Þær halda okkur föstum. Við verðum að leggja til hliðar hugmyndir okkar um hvað skólakerfið er að gera og í stað þess skoða hvað skólakerfið ætti að gera. Ef við hlustum ekki á hvern og einn einstakling og hvernig hann virkar er möguleiki að sjálfsmýnd viðkomandi brotni. Sjálfsmýnd er mjög viðkvæmt fyrirbæri og getur því tekið mið af því hver við ættum að vera, og þegar við finnum að við getum ekki staðið undir væntingunum brotnar hún. Höfum þetta í huga.

Hvaða elds-neyti hentar þér til að verða geisl-andi of-virkur snillingur?

Ef við hlustum ekki á hvern og einn einstakling er mögu-leiki á að sjálfs-mynd við-komandi brotni.



Kópavogsbær



Reykjavíkurborg